

**Ed.** **358. Frumvarp til laga** [56. mál]  
um breyting á lögum nr. 30 28. ágúst 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 23. apríl.)

1. gr.

2. málsg. 2. gr. laganna orðist þannig:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun á sauðfé og stórgripum til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telur, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt.

Undanþágu má þó ekki veita nema til ársloka 1982.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.